

Félag náms- og starfsráðgjafa  
Kennarahúsinu v/ Laufásveg  
101 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis  
Menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 17. mars 2009

**Umsögn um frumvarp til laga um náms- og starfsráðgjafa. Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008-2009.**

Félag náms- og starfsráðgjafa (FNS) óskar eftir að koma eftirfarandi á framfæri við menntamálanefnd Alþingis:

**Almennar athugasemdir**

Félag náms- og starfsráðgjafa fagnar frumvarpi til laga um náms- og starfsráðgjafa enda hefur lögverndun á starfsheiti náms- og starfsráðgjafa verið eitt mikilvægasta baráttumál fagstéttarinnar og félagsins í meira en áratug. FNS styður eindregið framlagt frumvarp og telur það fela í sér staðfestan vilja stjórnvalda og yfirvalda menntamála til að efla náms- og starfsráðgjöf. Með frumvarpinu er verið að tryggja að mikilvæg sér- og fagþekking skili sér inni í skólakerfið og atvinnulífið, fagþekking sem tryggir ákveðin gæði þjónustu og að hagsmunir ráðþega séu í fyrirrúmi.

**Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins**

**1. gr.**

Frá árinu 1991 hefur nám í náms- og starfsráðgjöf staðið til boða við Háskóla Íslands, fyrst sem eins árs diplómanám að lokinni grunnháskólagráðu. Frá árinu 2004 hefur verið boðið



uppá meistaragráðu í greininni og til stendur að breyta náminu í tveggja ára heildstætt meistaranám. Gert er ráð fyrir að taka upp nýtt skipulag haustið 2010.

Í ljósi þróunar á menntun náms- og starfsráðgjafa á Íslandi lítur FNS svo á að leyfi skv. 1. mgr. 1. gr. skuli annars vegar veita umsækjanda sem lokið hefur eins árs diplómagráðu í náms- og starfsráðgjöf (skv. eldra námsskipulagi) og hins vegar umsækjanda sem lokið hefur meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf (tveggja ára heildstæðu meistaranámi skv. nýju námsskipulagi).

**2. gr.**

FNS lýsir sig reiðubúið að veita umsagnir um umsóknir um leyfi til að kalla sig náms- og starfsráðgjafa í samráði við stjórnvöld og samstarfsnefnd um háskólastigið.

**3. gr.**

FNS leggur áherslu á mikilvægi þess að þeir sem hafa viðurkennd réttindi innan EES eða í aðildarríki EFTA hafi sambærilega menntun að baki eins og kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. og leitað sé álits matsnefndar áður en leyfi er veitt.

**4. gr.**

FNS leggur til að þeir sem ekki uppfylla skilyrði 2. mgr. 1. gr. verði veitt tímabundið leyfi til að kalla sig náms- og starfsráðgjafa. Mikilvægt er að þeir sem sinna náms- og starfsráðgjöf hafi tilskylda menntun til að tryggja að mikilvæg sér- og fagþekking skili sér inn í skólakerfið og atvinnulífið, fagþekking sem tryggir ákveðin gæði þjónustu og að hagsmunir ráðþega séu í fyrirrúmi.

f. h. Félags náms- og starfsráðgjafa

*Agústa Elín Ingbórsdóttir*  
Agústa Elín Ingbórsdóttir, formaður